




AÐALSKIPULAG BLÁSKÓGABYGGÐAR 2015-2027

Breyting aðalskipulags – Nýtt afþreyingar og ferðamannasvæði
Íshellir í Langjökli

07.09.2023



Samþykktir

Aðalskipulag Bláskógarbyggðar 2015-2027

Aðalskipulagsbreyting þessi sem auglýst hefur verið samkvæmt 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og unnin í samræmi við grein 4.2. í Skipulagsreglugerð nr. 90/2013, með síðari breytingum, var samþykkt af sveitarstjórn Bláskógarbyggðar þann _____

Aðalskipulagsbreytingin var staðfest af Skipulagsstofnun þann _____

Skipulagsferli

Lýsing aðalskipulagsbreytingar var auglýst frá: 29.06.2023 með athugasemdafresti til: 20.07.2023

Aðalskipulagsbreytingin var auglýst frá: _____ með athugasemdafresti til: _____

Aðalskipulagsbreytingin var staðfest með auglýsingu í B deild Stjórnartíðinda: _____

UPPLÝSINGAR

SKJALALYKILL

9419-001-ASK-V03

HÖFUNDUR

Margrét Róbertsdóttir

RÝNT

Ingibjörg Sveinsdóttir

EFNISYFIRLIT

EFNISYFIRLIT	3
1 INNGANGUR	4
1.1 Skipulagsgögn	4
1.2 Markmið	4
2 FORSENDUR	5
2.1 Skipulagssvæðið og staðhættir	5
2.2 Framkvæmdarlýsing	5
3 TENGSL VIÐ AÐRAR ÁÆTLANIR	6
3.1 Landsskipulagsstefna	6
3.2 Samræmi breytingarinnar við Landsskipulagsstefnu	6
3.3 Aðalskipulag Bláskógbabyggðar 2015-2027	6
3.4 Samræmi breytingarinnar við aðalskipulag	7
3.5 Deiliskipulag	8
3.6 Áfangastaðaáætlun Suðurlands 2018 - 2021	8
3.7 Þjóðlenda	8
3.8 Minjar	9
3.9 Náttúruvá og hreyfing jökuls	9
4 BREYTINGAR Á AÐALSKIPULAGI	9
4.1 Breytingar á uppdraðtti	9
4.2 Breyting á greinargerð	9
5 UMHVERFISMATSSKÝRSLA	10
5.1 Valkostir	11
5.2 Mat á umhverfisáhrifum	11
5.3 Niðurstaða	12
6 SKIPULAGSFERLIÐ	12
6.1 Umsagnaraðilar	12
6.2 Umsagnaraðilar aðalskipulagsbreytingar	12
6.3 Skipulagsferlið	12

1 INNGANGUR

Gerð er breyting á Aðalskipulagi Bláskógbabyggðar 2015-2027 skv. 1. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breyting felst í því að skilgreina nýtt afþreyingar- og ferðamannasvæði á Langjökli. Ferðaþjónustufyrirtæki sem starfrækt eru á svæðinu bjóða uppá jöklaverðir og vilja getað boðið upp á íshellaskoðun allt árið um kring með því að gera manngerða íshella í Langjökli. Nú þegar hefur verið skilgreint svæði fyrir manngerðan íshelli á jöklinum. Ferðaþjónustufyrirtæki á svæðinu vilja vera samstíga varðandi sameiginlega þætti s.s. varðandi aðkomu, slóða/vegi að jöklum og á honum, öryggisþætti ferða o.fl.

Móttaka gesta er í Skjóli á Kjóastöðum 1 þar sem þeir eru ferjaðir að núverandi aðstöðu fyrirtækjanna við Geldingafell.

Gert verður ráð fyrir aðkomu og slóða að hellinum og í deiliskipulagi fyrir svæðið verður nánari útfærsla íshellisins tilgreind.

Samhliða aðalskipulagsbreytingunni verður gert nýtt deiliskipulag þar sem gerð verður grein fyrir fyrirhuguðum framkvæmdum og settir fram skilmálar um landnotkun og landnýtingu, skilgreind lóð fyrir manngerðan íshelli sem verður nýttur til ferðaþjónustustarfsemi og vernd náttúru- og menningarminjar.

1.1 Skipulagsgögn

Gerð er breyting á greinargerð og sveitarfélagsuppráttum. Skipulagsgögn eru eftirfarandi:

- Gildandi og breyttur aðalskipulagsuppráttur í mkv. 1:50.000.
- Greinargerð.

1.2 Markmið

Helstu markmið með aðalskipulagsbreytingunni eru eftirfarandi:

Skilgreina nýtt afþreyingar- og ferðamannasvæði í aðalskipulagi.

Efla ferðaþjónustu á svæðinu og anna eftirspurn.

Skilgreina skilmála fyrir afþreyingar- og ferðamannasvæðið.

Mikil eftirspurn er eftir ferðum í íshella og með gerð íshellis er verið að anna þeirri eftirspurn. Ofar á jöklinum er annað fyrirtæki með manngerðan íshelli og þykir ekki tilefni til þess að samnýt þann helli vegna mikillar ásóknar í slíkar ferðir. Því er þörf á því að nýta þann náttúrlega helli sem nú er til staðar og byggja hann frekar upp.

2 FORSENDUR


2.1 Skipulagssvæðið og staðhættir

Nýtt afþreyingar og ferðamannasvæði verður skilgreint á jöcli. Aðkoma að Langjökli er um Skálpanes-veg og vegslóða af honum. Slóði að jöcli fellur innan skilgreininga reglugerðar um vegi í náttúru Íslands, nr. 260/2018.

Svæðið sem um ræðir fyrir íshellinn er innan þjóðlendu og er í um 1.100 m h.y.s. og er ofan jafnvægislínu í suðurhlíðum Langjökuls. Fyrirhugaður íshellir er alfarið utan hverfisverndaðs svæðis við Jarlhettur. Skipulagssvæðið er alfarið á jöcli og er aðkoma að jöklinum eftir vegi F336 sem tengist vegi nr. 35, Kjalvegi, á Bláfellshálsi. Aðstaða ferðaþjónustu fyrirtækjanna er við Geldingafell.

Aðallega verðu notast verður við vélsleða til þess að ferja ferðamenn að íshellinum. Stefnt er að því að yfirfæra vélsleðaflotann sem notaðir eru í íshellaferðir yfir á rafmagns vélsleða.

Valið er svæðið sem ekki er sprungið eða með rásum og borað inn í jökulinn um 50 m í tilraunaskyni. Nánar verður gerð grein fyrir aðkomu í deiliskipulagi.



MYND 1. Fyrirhuguð skipulagssvæðið er merkt með rauðum hringjum. (kort fengið af map.is)

2.2 Framkvæmdarlýsing

Fyrirhugað er að nota náttúrulegan íshelli þar til manngerður íshellir verður tilbúinn. Aðkoma að hellinum verður á snjó stærstan hluta árs. Manngerð ísgöng verða gerð með smágröfu með fræs. Fræsinn er útbúinn stáltönnnum sem skafa ísinn í litlu magni í senn. Hætta á hruni inn í hellinum er lítil vegna aðferðar við fræsingu en möguleg hætta er á hruni við gangnamunann. Aðstaða verður höggvin í snjó s.s. fyrir tröppur. Hurð verður fyrir hellinum svo að aðeins verður um áætlaðar ferðir í hellinn. Gert er ráð fyrir að íshellirinn verði um 80 – 150 m langur. Gert er ráð fyrir að hægt verði að loka

gögnunum en ekki verður um neinar varanlegar byggingar eða framkvæmdir að ræða við íshellinn. Öll þjónusta, salernisaðstaða ofl verður í Geldingafelli og á Skjóli á Kjóstöðum.

3 TENGSL VIÐ AÐRAR ÁÆTLANIR

3.1 Landsskipulagsstefna

Svæðið telst til miðhálendis Íslands. Í Landsskipulagsstefnu segir:

„Sveitarfélög á miðhálendinu útfæri landsskipulagsstefnu um verndun víðerna og náttúrugæða í skipulagsáætlunum sínum. Við skipulagsgerð sveitarfélaga verði þess gætt að mannvirkni og umferð um hálandið skerði víðerni og önnur sérkenni og náttúrgæði hálandisins sem minnst.“

„Tryggja þarf aðgang almennings að miðhálendinu án þess að náttúran skaðist.“

„Við alla mannvirkjahönnun og framkvæmdir á hálandinu verði jafnframt lögð áhersla á að virðing sé borin fyrir náttúrulegu umhverfi og rýri sem minnst hlut náttúrunnar í heildarmyndinni.“

3.2 Samræmi breytingarinnar við Landsskipulagsstefnu

Fyrirhugaðar framkvæmdir samræmast landsskipulagsstefnu þar sem ekki er verið að skerða víðerni eða önnur sérkenni hálandisins. Ferðir á jökli hafa ekki áhrif á náttúru að því leyti að ummerki eftir jeppa og vélsleða eru tiltölulega fljót að mást í burtu á síbreylegu yfirborði jökulsins. Íshellar hafa mikið aðdráttarafl fyrir ferðamenn en geta verið viðsjárverðir. Með framkvæmdinni er verið að tryggja ferðamönnum örugga upplifun í manngerðum íshelli. Þegar hætt verður að viðhalda íshellinum mun jökullinn sjá um að afmá öll ummerki um hann á fáum árum og því má segja að um afturkræfa framkvæmd sé um að ræða.

3.3 Aðalskipulag Bláskógbabyggðar 2015-2027

Í gildi er Aðalskipulag Bláskógbabyggðar 2015-2027 sem tók gildi í maí 2018. Svæðið sem breytingum tekur á jökli er með aðkomu eftir vegi F336 sem tengist vegi nr. 35, Kjalvegi, á Bláfellshálsi.

Í aðalskipulaginu segir:

„Stefnt er að sjálfbærri nýtingu hálandisins til útvistar og ferðapjónustu.“

„Öll mannvirkni skulu falla sem best að náttúrulegu umhverfi á hverjum stað [...].“

„Fjölda afþreyingarmöguleikum til að ferðamenn dvelji lengur í sveitarféluginu.“

„Við skipulag ferðamannastaða verði hugað sérstaklega að öryggi ferðamanna ásamt greiðum samgöngum og upplýsingum.“

Í kafla 2.2 um Hálandi segir:


„Leitast verður við að viðhalda lítt snortnu yfirbragði hálandisins.“

„Svæðið er afréttarland og verður áfram nýtt til beitar með áherslu á sjálfbæra nýtingu.“

„Stefnt er að sjálfbærri nýtingu hálandisins til útvistar og ferðapjónustu.“

„Stefnt er að auknu öryggi á hálandissvæðum sveitarfélagsins.“

„Áhersla er lögð á uppbyggingu stofnvega“.



MYND 2. Hluti Aðalskipulags Bláskógabyggðar 2015-2027, fyrirhugað skipulagssvæði er afmarkað með rauðum hring. Svæðið nær ekki inn fyrir hverfisverndað svæði.

3.4 Samræmi breytingarinnar við aðalskipulag

Fyrirhugaðar framkvæmdir falla vel að stefnu sveitarfélagsins er varðar nýtingu hálandisins til útvistar og eykur komu ferðamanna allt árið um kring. Manngerðir íshellar á þessu svæði falla vel að umhverfi og náttúru á jöklinum og hefur ekki neikvæð áhrif á upplifun ferðamanna þar sem íshellar eru algengir á jöklum. Með manngerðum íshelli er hægt að tryggja öryggi ferðamanna en jafnframt gera það kleift að upplifa undur jöklusins eins og um náttúrulegan íshelli væri að ræða. Hverfisverndarsvæði HV20 liggar sunnar en áætlað skipulagssvæði og hefur því ekki áhrif á íshellinn.

3.5 Deiliskipulag

Ekkert deiliskipulag er til af svæðinu en unnið verður nýtt deiliskipulag fyrir afþreyingar- og ferðamannasvæði á jöklinum. Í deiliskipulagi verður gert verður ráð fyrir aðkomu og slóða að hellinum og nánari útfærsla íshellis tilgreind.

3.6 Áfangastaðaáætlun Suðurlands 2018 - 2021

„Ferðapjónusta á Suðurlandi er sjálfbær þar sem lögð er áhersla á heildræna þróun í sátt við náttúru og samfélag. Ferðapjónustan er öflug atvinnugrein og samvinna ríkir á milli mismunandi hagsmunaaðila þar sem hugað er að gæðum, upplýsingagjöf og fræðslu“.

Uppbygging byggir á heildarsýn og jafnvægi í samféluginu.

„Til að ná þessu markmiði þarf meðal annars að miða uppbyggingu svæða bæði að íbúum og ferðamönnum í sátt við umhverfi og samfélag þar sem áætlanir eru gerðar til lengri tíma“.

Ferðapjónusta styður við menningu og minjavérnd.

„Til að ná þessu markmiði þarf meðal annars að efla og viðhalda menningu og verndun menningar-sögulegra minja. Vinna þarf meira með matarmenningu svæðisins. Auka þarf fjölbreytni og styrkja samvinnu á milli ólíkra atvinnugreina á svæðunum, landbúnaðar, sjávarútvegs og ferðapjónustu svo dæmi séu tekin“.

Fyrirhuguð framkvæmd fellur vel að stefnu sem sett er fram í Áfangastaðaáætlun Suðurlands. Uppbygging íshellis eykur fjölbreytni í ferðapjónustu og er í sátt við umhverfið og er afturkræf framkvæmd. Með framkvæmdinni er hægt að tryggja ferðir á jökulinn með áhugaverðum áfangastað allt árið um kring.

3.7 Þjóðlenda

Skipulagssvæðið er innan þjóðlendu. Þjóðlendur eru landsvæði þar sem íslenska ríkið er eigandi lands og hvers konar landsréttinda og hlunninda sem ekki eru háð einkaeignarrétti. Um þjóðlendur gilda lög nr. 58/1998 um þjóðlendur og ákvörðun marka eignarlanda, þjóðlendna og afréttu. Forsætisráðherra fer með málefni þjóðlendna. Ráðherra til aðstoðar við stjórn og ráðstöfun réttinda innan þjóðlendna er samstarfsnefnd um málefni þjóðlendna. Samkvæmt 3. gr. laganna má enginn hafa afnot af þjóðlendu fyrir sjálfa sig, þar með talið að reisa þar mannvirki, gera jarðrask, nýta hlunnindi, vatns- og jarðhitaréttindi án leyfis. Til að nýta land og landsréttindi innan þjóðlendu þarf leyfi hlutaðeigandi sveitarstjórnar sem og forsætisráðuneytisins sé nýting heimiluð til lengri tíma en eins árs.

Einstaklingar, sveitarfélög eða aðrir lögaðilar geta átt svokölluð takmörkuð eignarréttindi innan þjóðlendna. Þjóðlendulög raska ekki slíkum réttindum. Samkvæmt 5. gr. laganna skulu þeir sem hafa nýtt land innan þjóðlendna sem afrétt fyrir búfénað, eða haft þar önnur hefðbundin not sem afréttareign fylgja, halda þeim rétti í samræmi við ákvæði laga þar um. Afréttur er skv. 1. gr. laganna

landsvæði utan byggðar sem að staðaldri hefur verið notað til sumarbeitar fyrir búrfé. Hið sama gildir um önnur réttindi sem menn færa sönnur á að þeir eigi.

Ráðuneytið veitir leyfi fyrir nýtingu vatns- og jarðhitaréttinda og vindorku innan þjóðlenda. Samþykki ráðuneytisins þarf til að nýta námur og önnur jarðefni innan þjóðlenda óháð tímалengd. Allar framkvæmdir og jarðrask innan þjóðlendna sem vara lengur en í eitt ár eru háðar samþykki ráðuneytisins og samþykki ráðuneytisins þarf til að nýta námur og önnur jarðefni innan þjóðlendna skv. 3. mgr. 3. gr. laga nr. 58/1998

3.8 Minjar

Aðalskráning fornminja er lokið í þéttbýli í Bláskógabyggð en ólokið í dreifbýlinu. Engar þekktar fornminjar eru á umræddu svæði.

Finnist áður óþekktar minjar ber að tilkynna fundinn til Minjastofnunar svo fljótt sem auðið er skv. 24 gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012.

3.9 Náttúrvá og hreyfing jökuls

Bláskógabyggð er á Suðurlandskjálftabeltinu og þar er mikil jarðskjálftahætta. Þá hefur skapast flóðahætta í eða við farvegi þegar jöklar hlaupa fram. Hagafellsjökull eystri í Langjökli hljóp fram árið 1999 og þar áður árið 1980. Við þetta hækkaði vatnsborð Hagavatns svo að vatnavextir urðu í Farinu sem rennur úr Hagavatni. Við framahlaup gengur jökullinn fram um mörg hundruð metra, þverspringur sumstaðar og brotnar allur upp annars staðar. Kæmi til framhlaups sem næði til umrædds svæðis eru líkur á að hellirinn eyðileggist með öllu og því mikilvægt að leggja mikla vinnu á hverju ári í viðhald.

4 BREYTINGAR Á AÐALSKIPULAGI

Gerðar eru breytingar á uppdrætti og í greinargerð.

4.1 Breytingar á uppdrætti

Sett er inn nýtt afþreyingar- og ferðamannasvæði AF34 innan svæðis sem í dag er merkt óbyggt svæði.

4.2 Breyting á greinargerð

Í töflu um afþreyingar- og ferðamannasvæði er nýju svæði AF34 bætt við.

NR.	HEITI SVÆÐIS	LÝSING	JÖRD
AF36	Íshellir Langjökli	Manngerður íshellir. Viðkomustaður fyrir	Afréttur/þjóðlenda

NR.	HEITI SVÆÐIS	LÝSING	JÖRD
		ferðamenn. Stærð íshellis verður um 1600-2000 m ² . Aðkoma að íshellinum verði af snjó eða jöklum. Stærð svæðis allt að 5 ha.	

5 UMHVERFISMATSSKÝRSLA

Skipulagsáætlanir falla undir lög um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021.

Við gerð aðalskipulags og breytingum á því skal, skv. gr. 4.4 í skipulagsreglugerð nr. 90/2013, meta líkleg áhrif af fyrirhuguðum framkvæmdum og starfsemi á aðliggjandi svæði og einstaka þætti skipulagsins sjálfs. Svo sem á vistkerfi, auðlindir, landslag, ásýnd, útsýni, hljóðvist, loftgæði, hagkvæmni, veðurfar, varðveislugildi og svípmót byggðar og einstakra bygginga o.fl. umhverfispætti eftir því sem efni skipulagsins gefur tilefni til. Matið felst í verklagi sem beitt er til að stuðla að umhverfisvernd og sjálfbærri þróun við gerð skipulags og draga úr neikvæðum áhrifum framkvæmda, skv. lögum um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021. Umhverfismatið felur í sér mat á líklegum áhrifum þeirrar stefnu sem sett er fram. Þeir umhverfispættir sem metnir verða eru settir fram í töflu 1.

TAFLA 1. Umhverfispættir, matssprungar og viðmið.

UMHVERFISPÆTTUR	UMHVERFISVIÐMIÐ	MATSSPURNINGAR
Ásýnd og landslag <i>Landslag.</i> <i>Náttúrulegt yfirbragð.</i>	Lög um náttúruvernd nr. 60/2013, áhersla á 61. gr. Landsskipulagsstefna 2015 – 2026.	Hefur stefnan áhrif á landslag og náttúrulegt yfirbragð svæðisins? Hefur stefnan áhrif á ásýnd svæðis?
Jarðmyndanir <i>Jarðmyndanir.</i> <i>Jarðvegur – jarðvegsrof.</i> <i>Ásýnd og sjónræn áhrif.</i>	Lög um náttúruvernd nr. 60/2013, áhersla á 61. gr. Landsskipulagsstefna 2015 – 2026.	Hefur stefnan áhrif á jarðmyndanir sem njóta verndar eða þykja sérstæðar?
Heilsa og öryggi <i>Mengun og hávaði.</i>	Stefna í aðalskipulagi. Landsskipulagsstefna 2015 – 2026.	Er hætta á mengun eða hávaða vegna stefnu skipulagsins?
Samfélag <i>Pjónusta við ferðamenn.</i> <i>Atvinnulíf.</i> <i>Útvistarmöguleikar.</i>	Stefna í aðalskipulagi um afþreyingar- og ferðamannastaði. Landsskipulagsstefna 2015 – 2026.	Stuðlar stefnan að betri aðstöðu og þjónustu fyrir ferðamenn? Hefur stefnan áhrif á útvistarmöguleika? Hefur stefnan áhrif á atvinnutækifæri?
Minjar og verndarsvæði <i>Hverfisvernd.</i> <i>Fornminjar.</i> <i>Vatnsvernd.</i>	Stefna í aðalskipulagi um verndarsvæði. Landsskipulagsstefna 2015 – 2026. Náttúruminjaskrá. Lög nr. 796/1999 um varnir gegn mengun vatns. Reglugerð um neysluvatn nr. 536/2001.	Hefur stefnan áhrif á náttúruminjar? Hefur breytingin áhrif á verndarsvæði?

5.1 Valkostir

Gildandi aðalskipulag verður borið saman við stefnu í breyttu aðalskipulagi.

Grunnástand. Vegslóði liggar að jöklinum og er náttúrulegur íshellir á svæðinu.

5.2 Mat á umhverfisáhrifum

Breytt skipulag.

Bætt er inn afþreyingar- og ferðamannasvæði í Suðurjökli á Langjökli þar sem gerður verður íshellir.

Áhrif á ásýnd og landslag eru óveruleg. Breytingin er ekki talin skerða óbyggð víðerni og er hún því ekki talin hafa áhrif á ásýnd svæðis og landslags þess. Engar byggingar verða á skipulagssvæðinu og enginn búnaður á svæðinu sem gæti valdið umhverfisspjöllum. Aðkoma að svæðinu er á snjó og hafa ferðir á jöklum ekki áhrif á náttúru nema að því leyti að ummerki eftir vélsleða eru tiltölulega fljót að mást í burtu í síbreytilegu yfirborði jöklusins. Íshellirinn mun hverfa, ef honum verði ekki haldið við á um 2 árum sökum bráðnunar.

Áhrif á jarðmyndanir eru metin óveruleg. Engin röskun verður á jarðmyndunum þar sem framkvæmdin er aðeins á snjó. Engar byggingar verða á skipulagssvæðinu.

Áhrif á heilsu og öryggi eru metin óveruleg/neikvæð. Ferðir á vélsleðum gætu aukist við aukinn straum ferðamanna og þar með eykst útblástur af vélasleðum en stefnt er að því að yfirfæra vélsleðaflotann sem notaðir eru í íshella ferðum yfir á rafmagns vélsleða.

Suðurland er þekkt jarðskjálftasvæði en ekki er talin vera hætta á hruni í hellinum sé honum vel við haldið. Komi upp aðstæður þar sem fjarlægja þurfi búnað úr hellinum sökum náttúrvár eða annarra aðstæðna er talið að tveir menn geti unnið þá vinnu á einum degi.

Áhrif á samfélag eru metin jákvæð. Breytingin er líkleg til að leiða til fjölgunar atvinnutækifæra, þar sem talið er að uppbygging íshella auki fjölbreytni í ferðapjónustu og hafi þar sem jákvæð áhrif á atvinnulíf.

Áhrif á minjar og verndarsvæði eru metin óveruleg. Engar þekktar minjar eru á svæðinu. Svæði er utan vatnsverndarsvæðis og utan hverfisverndar.

Gildandi skipulag:

Áhrif á landslag, gróður og heilbrigði eru óveruleg. Svæðið mun ekki taka neinum breytingum.

Áhrif á samfélag er óveruleg. Engin breyting verður á atvinnu á svæðinu.

Áhrif á minjar eru óveruleg. Engar þekktar minjar eru á svæðinu.

5.3 Niðurstaða

Vegna mikillar eftirspurnar eftir ferðum í shella þykir ekki tilefni til þess að samnýta manngerðan íshelli sem er staðsettur ofar á jöklinum. Því er talið að skynsamlegast að nýta þann náttúrlega helli sem nú er til staðar og byggja hann frekar upp. Sveitarfélagið er hlynnt breytingunni þar sem hún er full afturkræf því íshellirinn mun hverfa ef honum verður ekki haldið við og ef jökullinn bráðnar. Þar sem ferðaþjónustu fyrirtækin stefna á að rafvæða hluta vélsleðaflotans mun megnun af völdum ferðatækja minnka töluvert. Breytingin mun auka atvinnumöguleika og veitinga- og gistiþjónustu í kringum ferðaþjónustuna á svæðinu.

6 SKIPULAGSFERLIÐ

6.1 Umsagnaraðilar

Skipulagslýsing var kynnt í júlí 2023. Athugasemdir bárust frá eftifarandi aðilum: Forsætisráðuneytinu, Heilbrigðiseftirlit Suðurlands, Skipulagsstofnun, Umhverfisstofnun, Minjastofnun Íslands og Vegagerðinni, Veðurstofu Íslands.

6.2 Umsagnaraðilar aðalskipulagsbreytingar

Umhverfisstofnun telur sig ekki þurfa að veita umsögn, nema svæðið sé á skilgreindu verndarsvæði en óskað verður eftir umsögnum frá eftirtöldum aðilum:

- Skipulagsstofnun
- Forsætisráðuneytið
- Minjastofnun Íslands
- Heilbrigðiseftirlit Suðurlands
- Vegagerðin

6.3 Skipulagsferlið

Skipulags- og matslýsing auglýst sumarið 2023.


Tillaga að aðalskipulagsbreytingu og nýtt deiliskipulag unnið/kynnt ágúst - september 2023.

Tillaga að aðalskipulagsbreytingu og nýtt deiliskipulag auglýst snemma vetrar 2023.

Aðalskipulagsbreyting og nýtt deiliskipulag staðfest í febrúar 2024.

Aðalskipulag Bláskógarbyggðar

Sveitarfélagsuppdráttur - Íshellir



GILDANDI AÐALSKIPULAGSUPPDRÁTTUR

Skýringar

— Hæðarlínur

Yfirbordsvatn

— Á, lækur

■ Stöðuvatn, tjörn

Samgöngur

- Göngu- og/eða hjólreiðaleið

— Tengivegur

— Vegir utan skipulagssvæðis

Takmarkanir á landnotkun

■■■■■ Hverfisvernd

○ Svaði sem breytingin nær til


Landnotkun

● Afþreyingar- og ferðamannasvæði


● Efnistöku- og efnislosunarsvæði

■ Jökull

■■■■■ Óbyggð svæði



BREYTTUR AÐALSKIPULAGSUPPDRÁTTUR



Skipulagsgögn:
Uppdráttur þessi með greinargerð.



Sveitarfélagsuppdráttur - Breyting
Íshellir Langjökli

Verk: Blaðstærð: Unnið: Rýnt:
102794 A4 MMR IS

Mælikvarði: Dags: Breytt dags:
1:50.000 07.09.2023